

Dags eftirlits	22.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ísfélag hf. FES	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Strandvegi 29	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Scheving	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Björgvin Björgvinsson og Guðsteinn Hlöðversson	Staðsetning	436690,981 326978,971

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Fullnægjandi skrá yfir olúgeyma er ekki til staðar. 2) Umhverfisupplýsingum vegna ársins 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Styrkur COD í frárennslisvatni verksmiðjunnar mældist talsvert yfir heimiluðum mörkum í sýni sem var tekið 25.-26. október 2024. 4) Styrkur svifagna í frárennslisvatni verksmiðjunnar mældist yfir leyfilegum mörkum í sýni sem var tekið 18.-19. apríl 2025. Engar ábendingar voru settar fram. Eitt frávík sem varðar að fullnægjandi niðurstöðum mælinga á frárennslisvatni var ekki skilað fyrir 1. maí 2023, var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var, þann 22. maí 2025, farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags hf. Vestmannaeyjum. Starfsleyfi Ísfélags hf. Vestmannaeyjum var gefið út þann 27. ágúst 2014, því breytt 6. mars 2020 og gildir það til 27. ágúst 2030. Starfsleyfið heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 1.200 tonnum af hráefni á sólarhring.

Engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Borholur og nýtingarleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Fjögur frávík komu fram í síðasta eftirliti árið 2024. Þremur þeirra var lokað í bréfi dags. 2. júlí 2024 en eitt frávík, þess efnis að fullnægjandi niðurstöðum mælinga á frárennslisvatni var ekki skilað fyrir 1. maí 2023, var opið þegar eftirlitið fór fram. Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu, annars vegar um að uppfæra þyrfti áætlun vegna bráðamengunar og hins vegar að fara þyrfti yfir skráningar á olíu- og lýsisgeymum á lóð rekstraraðila. Nánar verður fjallað um ábendingarnar síðar í skýrslunni.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

TVN mælingar bárust eftirlitsaðila eins og krafa er um í starfsleyfi. TVN gildi mældust aldrei yfir 100 á tímabilinu frá júní 2024 til og með maí 2025. Í eftirliti árið 2024 var sett fram ábending um að fara þyrfti yfir skráningar á olíu- og lýsisgeymum á lóð rekstraraðila. Ekki hefur verið brugðist við henni og er því skráð frávík nú vegna þess að ekki er til fullnægjandi skrá sem rekstraraðili skal halda skv. 16. gr. reglugerðar 884/2018. Ekki er ljóst hvaða geymar hafa verið þykktarmældir á síðastliðnum tíu árum en niðurgrafnar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2021. Umhverfisupplýsingum, þ.e. útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi var skilað þann 22. maí 2025 en frestur til þess rann út þann 1. maí og er því skráð frávík vegna skilanna. Sýni voru tekin úr frárennsli verksmiðjunnar 25. – 26. október 2024 og niðurstöðum mælinganna var skilað til eftirlitsaðila 9. janúar 2025. Styrkur COD mældist talsvert yfir heimiluðum mörkum og er skráð frávík vegna þess. Sýni voru tekin úr frárennsli verksmiðjunnar 18.-19. apríl 2025. og niðurstöðum skilað til eftirlitsaðila 20. maí 2025. Styrkur svifagna var yfir leyfilegum mörkum og skráð frávík vegna þess.

Farið var yfir uppfærða áætlun um bráðamengun í eftirlitinu og því er ábendingu sem var sett fram í eftirliti 2024, ekki fylgt eftir.

3. Borholur og nýtingarleyfi

Tvær borholur eru tengdar verksmiðjunni. Nýtingarleyfi hafa ekki verið gefin út.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Litlar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

5. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð í eftirlitinu

7. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Engar athugasemdir eru gerðar við frágang eða umgengni.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 16 í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017

Skrá sem rekstraraðili skal halda yfir olíugeyma sína, er ófullnægjandi.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Umhverfisupplýsingar vegna ársins 2024 bárust eftirlitsaðila þann 22. maí 2025 en frestur til að skila þeim rann út þann 1. maí.

Gr. 2.17 í starfsleyfi

Í sýni sem var tekið úr frárennsli verksmiðjunnar 25.-26. október 2024 var styrkur COD ítalsvert yfir heimiluðum mörkum.

Gr. 2.17 í starfsleyfi

Í sýni sem var tekið úr frárennsli verksmiðjunnar 18.-19. apríl 2025 var styrkur svifagna yfir heimiluðum mörkum.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Reykjavík, 09.07.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Freyr Avarsson